

Skýrsla stjórnar Skagafjarðarveitna ehf fyrir starfsárið 2010

Eftir efnahagshrunið 2008 var lausafjárstaða Skagafjarðarveitna erfið og var því ákveðið að fara ekki í nýframkvæmdir á vegum veitnanna, heldur bíða með framkvæmdir þar til fjárhagsstaða fyrirtækisins batnaði. Ákveðið var að fara í farmkvæmdir í Sæmunarlíð árið 2011, en þeirri framkvæmd var frestað 2009 eins og menn eflaust muna, en gert er ráð fyrir að greiða þá framkvæmd á tveimur árum.

Unnin var arðsemisathugun á hitaveitu frá Ytri Brekkum að Hofstaðaseli í Út-Blönduhlíð, aðallega vegna áhuga aðila þar, á að koma upp auknu gistirymi og aukinni ferðaþjónustu. Áætlaður kostnaður við þá framkvæmd er um 70 mkr og var því ekki talið hagkvæmt að fara í lengingu á hitaveitulöginni úr Akrahreppi.

Nokkur aukning hefur verið á notkun á heitu vatni á Sauðárkróki undanfarin ár. Tilkoma Kjarnans, verkstæðisklasa KS við Eyrarveg, hafði þau áhrif að dæluafköst frá dælustöðinni í Borgarmýrum voru komin að þolmörkum. Ákveðið var því að kaupa stærri rafmótor á aðra dæluna og breyta stjórntækjum þannig að dælugetan yrði meiri. Einnig voru dælur sem dæla heitu vatni í Hlíðahverfi, í sjúkrahúsið og í Túnahverfið að hluta, stækkaðar.

Tvö hús bættust við hitaveituna í Borgarsveit en það voru gamla húsið Áshildarholt og sumarbústaður í landi Gils.

Frá því að 11 sveitarfélög í Skagafirði sameinuðust 1998 hefur mest allt púður veitnanna farið í endurbætur og uppbyggingu á veitukerfum utan Sauðárkróks. Þetta hefur, að nokkru leiti komið niður á viðhaldinu hér á Sauðárkróki og í því mjög svo lélega kaldavatnsári sem síðasta ár var, reyndist ekki annað mögulegt en að fara í viðamikla lekaleit á kaldavatnskerfinu í gamlabænum sem skilaði þó nokkrum árangri. Þar að auki komu tveir umtalsverðir lekar upp á heitavatnskerfinu hér á Krók.

Viðræður voru við Kaupfélag Skagfirðinga um sölu á heitu vatni til félagsins vegna atvinnuuppbryggings í Vallhólma, en þeim viðræðum er ekki lokið.

Nemar við trésmíðadeild FSNV smíðuðu tvö borholuhús yfir tvær heitavatnsholur við Reyki í Hjaltadal sem á enn eftir að koma fyrir ásamt mælibúnaði. Frágangur á þeim er fyrirhugaður 2011.


Unnið var að því að fá nýtingarleyfi frá landbúnaðarráðuneytinu og Orkustofnun á borholu við Dælislaug í Fljótum.


Hlutafé í Gagnaveitu Skagafjarðar var aukið um 25 mkr á árinu með sölu á ljósleiðararörum í Hofsósi og nágrenni.

Tekin var í notkun sjóveita fyrir rækjuverksmiðjuna Dögun. Það kom sér vel enda var kaldavatnsbúskapurinn óvenju slæmur sl. sumar og veturn eins og áður hefur fram komið.

Gjaldskrá hitaveitu var hækkuð um 4 % á árinu.

Stjórnarfundir voru samtals 13 á árinu. Fastir starfsmenn voru 9 um áramót og þökkum við þeim vel unnin störf.


Einar Gíslason
form. stjórnar.


Páll Pálsson
veitustjóri.